

FRØSKUR ÚTGÁFA


GEFUR ÚT SKEMMTILEGAR MYNDASÖGUR

2016



© Franquin - Dargaud - Le Lombard

Froskur Útgáfa
Vatnagörðum 14
104 Reykjavík
www.myndasogur.is




TÍMAFLAKKARAR

Bók 4
Zep, Stan og Vince

ISBN : 9789935919281
Útgáfuár : 2016
48 blaðsíður
Verð m.vsk : 2 000 kr.

Soffía og Snorri eru spennufíklar og hika ekki við að stökkva til fortíðar með farsímanum sínum í leit að fróðleik. Til dæmis, reyna þau að sannfæra Kristófer Kolumbusi um að Ameríka sé í Evrópu og að hann þurfi ekki að sigla langt yfir hafið til að finna fyrirheitna landið. Listmálarinn Hitler skilur ekki smekkleysi systkinanna á listrænum hæfileikum sínum og fer eins og kunnugt er að dunda sér á öðrum nótum. Tesla er í óða önn að uppgötva allskonar fyrirbæri og tryggja sér einkaleyfi en fáir hlusta á hann. Soffía þolir ekki hvað Snorri hámar í sig mikið af hnetusmjöri og hringir í poppgöðið Presley til að bjarga málunum! Á meðan reddar Jesús afmælispartíi Soffíu sem annars hefði endað með gráti og leiðindum. Jahá, með Snorra og Soffíu verður lífið aaðeins litríkara.






Lóa - Ástarsæla

Bók 4

Julien Neel

ISBN : 9789935919274
Útgáfuár : 2016
48 blaðsíður
Verð m.vsk : 2 000 kr.

Lóa, Mína, Fatíma og María Emilía fara saman í sumarfrí á sólarströnd og dvelja ásamt foreldrum Maríu Emilíu í æðislegu húsi með sundlaug. En sumarfrí er ekki bara tími slökunar við sundlaugarbakka að rabba saman um næsta verslunarleiðangur, sumarfrí er líka tími ástar og þegar þær hitta fjóra stráka niðri í bæ snúast dagarnir um að skemmta sér með tilvonandi kærustum. Í ástum er aldrei neitt öruggt, eins og þau fá að kynnst. Lóa kemur heim úr fríinu alveg ringluð og veit ekki lengur hvað er rétt og hvað er rangt.





Draumóri - Martröð í draumóra

Bók 1

Andri K. Andersen

ISBN : 9789935484048

Útgáfuár : 2016



56 blaðsíður

Verð m.vsk : 2250 kr.

Þegar draumavætturinn Alfjeder gengur inn í draum, finnur hann nýskapaða draumavættinn Skaði. Eina leiðin fyrir þau til að komast úr draumnum er að finna kjarna draumsins. Hins vegar hefur martraðavættur falið sig í draumnum með það í huga að éta upp kjarnann. Til að stöðva martraðavættinn, þurfa Alfjeder og Skaði að læra að vinna saman. Það gæti reynst þrautin þyngri, því Skaði þarf fyrst að átta sig á því hvað það þýðir að vera draumavættur.

Draumóri er fyrsta myndasaga Andra K. Andersen sem kemur út í bókaformi. Hann hefur áður teiknað stuttar myndasögur en þarna stigur hann lengra fram með lengri sögu í átt að því sem honum þykkir skemmtilegast að gera: teikna myndasögur.

Sagan skiptist í þrjá hluta og von er á framhaldinu á næsta ári.



VIGGÓ 4

GENGJÖ AF GÖFLUNUM



Viggó viðutan - Gengið af göflunum Bók 4

André Franquin og Jidéhem

ISBN : 9789935919137


Útgáfuár : 2016

Endurprentun endurbætt : 2016

48 blaðsíður

Verð m.vsk : 2100 kr.

Viggó Viðutan er óparfi að kynna því vinsældir hans eru takmarkalausar. Og það er ótrúlegt að hann skuli ekki hafa verið sýnilegur í íslenskri bókaflóru í nær 30 ár! Skömm og hneisa! Því er sönn ánægja að heilsa upp á hann aftur á íslensku og njóta kúnsta hans í boði Frosks útgáfu. Bókin er sú fjórða í ritröðinni á frummálinu en er ný fyrir íslenskum lesendum. Viggó hefur ekkert breyst og leikur Val grátt með óteljandi uppfinningum og uppátækjum sínum á ritstjórnarskrifstofunni. Ótrúlegt að þeim takist að halda blaðinu gangandi og gefa út bækur! Stórskemmtun fyrir alla aðdáendur og hinir verða ekki sviknir. Hananú! Viðtökurnar voru svo góðar í fyrra að það þurfti að endurprenta þessa bók. Ekki að ástæðulausu.



VIGGÓ

BRAUKAÐ OG BRAMLAÐ



Viggó viðutan - Bramlað og braukað

Bók 3

André Franquin og Jidéhem






ISBN : 978-9935-919-26-7


Útgáfuár : 2016

48 blaðsíður

Verð m.vsk : 2100 kr.

Þetta er framhald bókarinnar sem kom út í fyrra... Öö eða sko öllu heldur, þá er þessi á undan í röðinni. Við gerðum þau mistök að senda Viggó með handrit tveggja bóka í prentun. Hann þurfti endilega að stoppa á leiðinni til að fylgjast með eldgleypi sýna listir sínar. Sjálfur fylltist hann eldmóði og ákvað að prófa sjálfur... með þeim afleiðingum að bók númer þrjú varð að ösku. Þess vegna skaust saga númer fjögur framfyrir í röðinni. Núna kemur hins vegar loksins bók númer þrjú, enda ekki seinna vænna þar sem saga fimm kemur á næsta ári. Flókið? Heldur betur, en eins og þið sjáið sjálf við lestur þessarar sögu þá eru málin aldrei einföld þegar Viggó á í hlut.





Ástríkur í Píktalandi

Bók 35






Jean-Yves Ferry og Didier Conrad

ISBN : 9789935484000


Útgáfuár : 2016

48 blaðsíður

Verð m.vsk : 2110 kr.



Það er kuldalegt um að litast í Gaulverjabæ. Háir snjóskafar og erfitt fyrir Steinrík að veiða villisvín. En þá má alltaf bregða sér í göngutúr á ströndinni til að sjá hverju sjórin skolar á land. Í slíkum leiðangri uppgötva Ástríkur og Steinríkur ísklump í flæðarmálinu sem hefur að geyma sérkennilegan náunga. Þeir fara með klumpinn heim í þorpið og ná að koma mannum til meðvitundar. Hann reynist heita Mak Legur frá Píktalandi. Ástríkur og Steinríkur fylgja honum til síns heima. Rómverjar reyna að brjóta Píktana undir sig og yfirvofandi eru mikilvægar kosningar. Ef svikarinn Mak Rill nær völdum munu Rómverjar undiroka Píkta og það má ekki gerast.



Lukku-Láki - Draugabærinn

Morris og Goscinnny

ISBN : 9789935484031
 Útgáfuár : 2016
 48 blaðsíður
 Verð m.vsk : 2110 kr.






Lukku Láki er 70 ára í ár. Hugsið ykkur! Í tilefni þess vill Froskur útgáfa gefa lesendum íslenskra myndasagna og þeim sem hafa gaman af að lesa Lukku-Lákabækurnar tækifæri til að drekka í sig eitt af áður óþýddum ævintýrum hans. Draugabærinn heitir hún. Bókin er listilega skrifuð af Goscinnny og teiknuð af Morris.

Lukku Láki rekst á tvo spilasvindlara: Kalla og Danna á ferð sinni sem leiðir hann í Tígulgil, bæ sem er skammt frá Gullhæð þar sem allt snýst um gullgröft. Siggí skot er eini íbúi Gullhæðar og rekur alla í burtu, fullviss um að þeir ásælist gullnámuna hans. Reyndar virðist ekkert gull að finna í námunni, en karlinn leitar þó enn í von um ríkidæmi.

Kalli kóngur og Danni kaupahéðinn sjá tækifæri til að hirða gullnámuna af þeim gamla en þá er Lukku-Láka að mæta.

Þessi bók er algjör gullmoli sem allir ættu að lesa.





Strumparnir - Strumparnir og óhræsið Öðruvísi strumpurinn

Peyo og Gos

ISBN : 9789935919298

Útgáfuár : 2016



48 blaðsíður


Verð m.vsk : 2050 kr.

Strumparnir eru komnir á kreik í nýrri bók með tveimur ævintýrum. Í því fyrra ræðst ógeðfeldur fugl á þorp strumpanna eftir að tveir óvarkárir strumpar kasta út í bláinn flösku sem inniheldur seyði sem yfirstrumpur bjó til og breytir lífverum í ógnvekjandi martröð. En Strumparnir deyja ekki ráðalausir og sigrast að lokum á óhræsinu.

Í seinni sögunni er einn strumpurinn í þorpinu orðinn leiður á að strumpa ekki neitt og vill sjá heiminn. Hann ákveður því þvert á ráðleggingar yfirstrumps að fara af stað og kynnast ævintýrum sem heimurinn býður upp á. En það er ekki sjálfgefið að yfirgefa hreiðrið og lifa af skóginum. Allt fer vel að lokum og strumpur er reynslunni ríkari. Strumpum vel á móti strumpunum!

STRUMPARNIR OG ÓHRÆSIÐ








Inkal

Bók 1

Moebius og Jodorowsky

ISBN : 978-9935-4840-2-4
 Útgáfuár : 2016
 152 blaðsíður
 Verð m.vsk : 4440 kr.

Með þessari bók má segja að myndasöguútgáfa á Íslandi stígi stórt skref inn í heim hinna fullorðnu. Til þessa hafa slíkar útgáfur að miklu leyti verið hugsaðar fyrir börn, en útkomu Inkal má líkja við unging sem stekkur yfir gelgjuskeiðið í einu stökki og uppgötvar hversu flókin og margslunginn heimurinn er. Höfundarnir eru ekki af verri endanum því þarna eru á ferð þekktustu nöfn í myndasöguheiminum, þeir Moebius og Jodorowsky. Þeir sköpuðu framtíðarveröld sem margir hafa leitað til, meðal annars á hvíta tjaldinu. Hér er á ferðinni stórbrotið verk sem enginn þroskaður myndasöguáhugamaður ætti að láta framhjá sér fara. Seinni hluti kemur út næsta sumar.





Stjörnu Tígri - Svarta Stjarnan








Birkir Hallbjörnsson

ISBN : 9789935484017
Útgáfuár : 2016
76 blaðsíður
Verð m.vsk : 2250 kr.

Stjörnu-Tígri er ný hetja í íslensku myndasöguflórinni. Hún er einskonar lögga alheimsins sem ferðast um geiminn til að verja hann gegn allskonar árásum. Stjörnu-Tígri er afkvæmi tilrauna jarðarbúa til að eignast þræla sem gætu farið í stjörnustríð í þeirra stað. En kettirnir sem voru erfðabreyttir í því skyni reyndust sjálfstæðari en aðrar dýrategundir, sem gerði það að verkum að þeir flúðu undan oki mannanna og hurfu sporlaust út í geiminn. En þjálfunin sat eftir og er Stjörnu-Tígri afstrengi þeirra tilrauna.

Til að forða sér frá árás Manna og Grama lendir Stjörnu-Tígri á eldfimru plánetu sem stýrt er af vélmennum úr pýramídalagaðri byggingu. Með samvinnu Grama, Manna og Stjörnu-Tígra tekst að sigra vélmennin og mynda bandalag Svörtu Stjörnunar til frambúðar.


Fyrsta myndasaga Birkis birtist hér loksins í bókaformi.



Úrvalið hjá Froski útgáfu. Pantaðu, prentaðu og póstlagðu.



□ Tímaflakkarar 1: 1.900 kr.



□ Tímaflakkarar 2: 2.000 kr.



□ Tímaflakkarar 3: 2.000 kr.




□ Viggó viðutan:
Gengið af göflunum:
2.100 kr.



□ Lóa 1: 1.900 kr.



□ Lóa 2: 2.000 kr.



□ Lóa 3: 2.000 kr.



□ Múmínálfarnir 1: 3.000 kr.



□ Svalur og Valur
Arfurinn: 2.000 kr.



□ Svalur og Valur
Svalur í hringnum:
2.000 kr.




□ Svalur og Valur
Svörtu hattarnir:
2.000 kr.




□ Svalur og Valur
Vikapiltur á vígaslóð:
2.000 kr.



□ Ástríkur og víkingarnir:
2.050 kr.



□ Ástríkur og Kleópatra:
2.110 kr.




□ Myndasagan: 3.660 kr.




□ Skósveinarnir 1: 1.890 kr.



□ Skósveinarnir 2: 1.890 kr.



□ Lífsþorsti: 4.440 kr.



□ Múmínsnáðinn verður ástfanginn: 1.890 kr.



□ Múmínfjölskyldan á rívíerunni: 1.890 kr.

500 kr. + póstburðagjald bætast við hverja sendingu. Hægt er að fá sent í póströfu.

500 kr. + póstburðagjald bætast við hverja sendingu. Hægt er að fá sent í póströfu.

MYNDASÖGUR ERU
GLEÐIAUKI SEM HÆGT ER
AÐ NJÓTA HVAR
SEM ER.



FRØSKUR
ÚTGÁFA

SÍMI: 565 4031 WWW.MYNDASOGUR.IS